

**Nd.**

## **201. Nefndarálit**

[143. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 3. minni hl. iðnaðarnefndar.

Þetta frumvarp fjallar um staðfestingu á viðaukasamningi við gildandi aðalsamning milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um álbræðslu við Straumsvík (þriðja viðauka við aðalsamning) sem undirritaður var milli aðila hinn 5. nóv. 1984, samfara viðaukasamningi milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. (ÍSAL) um breytingar á rafmagnssamningi vegna álbræðslunnar og sáttargerðarsamningi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse í tilefni af þeim ágreiningi sem staðið hefur um alllangt skeið varðandi framleiðslugjald ÍSALs.

Samningur þessi er gerður í framhaldi af bráðabirgðasamkomulagi sem gert var milli aðila þann 23. september 1983. Með því samkomulagi var rafmagnsverðið, sem álbræðslan greiðir, hækkað um tæp 50% eða úr 6,4 millum í 9,5 mill. Jafnframt var þá ákveðið að leita lausnar á yfirstandandi deilu um framleiðslugjald ÍSALs og taka upp viðræður um frekari endurskoðun til hækkunar á orkuverði og endurskoðun á öðrum tilteknum málefnum varðandi framtíðarstarfsemi álbræðslunnar. Þeir samningar, sem nú hafa verið gerðir og liggja fyrir Alþingi, fela í sér þær niðurstöður sem náðst hafa í viðræðunum til þessa, þ. e. endanlega lausn á deilum vegna liðins tíma og endurskoðun á orkuverði og öðrum skilmálum rafmagnssamningsins fyrir núverandi álbræðslu.

Á næstu mánuðum munu viðræður aðila um önnur málefni halda áfram, þ. e. um endurskoðun á ákvæðum aðalsamnings um skattkerfi fyrir núverandi álbræðslu, um hugsanlega stækkun álbræðslunnar í samvinnu við þriðja aðila og um möguleika á því að íslenska ríkið gerist hluthafi í ÍSAL.

Nefndin hefur átt ítarlegar viðræður við samningamenn og sérfræðinga um mál þetta á allmörgum fundum. Rætt var við iðnaðarráðherra, formann og nefndarmenn samninga-nefndar um stóriðju, sem annaðist viðræður við Alusuisse, ritara nefndarinnar og lögfræðilegan ráðunaut. Þá ræddi nefndin við forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar og starfsmenn og stjórnarmenn fyrirtækisins og einnig lögmennt ríkisstjórnarinnar sem önnuðust málflutning fyrir dómnefndum í New York og Reykjavík á grundvelli bráðabirgðasamkomulagsins frá 1983. Einnig var rætt við allnokkra sérfræðinga sem önnuðust samskipti við Alusuisse í tíð fyrrv. iðnaðarráðherra á árunum 1980—1983.

Meginefni þeirra samninga, sem hér liggja fyrir, er þriþætt. Verður hér vikið nokkuð að hverju hinna þriggja atriða fyrir sig og mat lagt á þann árangur sem náðst hefur í undangengnum samningaviðræðum í þessu mikilsverða máli.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða grundvallarbreytingar á ákvæðum rafmagnssamnings Landsvirkjunar og ÍSALs. Fela þær í sér endanlegt samkomulag um verðlag á orku til álbræðslunnar næstu 20 árin. Í þessum nýju ákvæðum felst stórfelld breyting til hækkunar frá fyrra verði. Jafnframt eru tryggðir möguleikar til endurskoðunar á samningsskilmálunum eftir breyttum aðstæðum í framtíðinni.

Með þessum nýja samningi mun orkuverð það sem álbræðslan greiðir til Landsvirkjunar tvöfaldast frá fyrra verði og allt að því þrefaldast. Verður grunnverðið 15 mill/kwst. og breytist í samræmi við vísitölu álverðs, þó þannig að orkuverðið verður aldrei undir 12,5 millum og ekki yfir 18,5 mill. Samkvæmt upplýsingum forstjóra og aðstoðarforstjóra

Landvirkjunar (fskj. I í frv.) er reiknað með því að viðbótartekjur Landvirkjunar samkvæmt nýja samningnum og bráðabirgðasamningnum verði u. þ. b. 2 230 milljónir króna fram til ársloka 1989. Vegna breytinga á gengi íslensku krónunnar, sem síðan hafa orðið, er þessi tala nú nokkru hærri.

Þá liggur það ljóst fyrir að ef hið nýja samkomulag hefði verið í gildi árin 1979 til þessa dags hefði orkuverðið skv. því verið á bilinu 12,5—16,5 mill. Viðbótartekjur Landvirkjunar frá ÍSAL á þessum fimm árum hefðu numið 55 millj. dollara eða rúmlega tveimur milljörðum króna. Af því fé hafa landsmenn orðið vegna þess að ekki tókst fyrir að ná sambærilegum samningum um verulega hækkun orkuverðsins. Þá má þess geta í þessu sambandi að ef hinn nýi orkusölusamningur hefði verið í gildi allt árið 1984 hefði ÍSAL greitt 13,8 mill fyrir orkuna skv. upplýsingum Landvirkjunar. Þessar tölur sýna svart á hvítu hve hér hefur tekist að semja um miklar hækkanir á orkuverðinu, sem var aðeins 6,4 mill allt til síðasta hausts (sept. 1983) er bráðabirgðasamkomulagið var gert um 9,5 mill.

Þegar fjallað er um hina miklu hækkun orkuverðsins sem ÍSAL mun greiða er rétt að drepa á það hver er framleiðslukostnaður raforku þeirrar frá Búrfellsvirkjun sem álbræðslan notar. Samkvæmt bókum Landvirkjunar er framleiðslukostnaður orkunnar frá Búrfelli til stóriðju nú 5,3 mill en 8,6 mill ef með er tekið flutningskerfi, en inni í því er kostnaður við allar byggðalínurnar og því hæpið að reikna með öllum þeim kostnaði. Ef vaxtagreiðslum á árinu er hins vegar skipt á milli rekstrareininga í kerfi Landvirkjunar í hlutfalli við endurmetinn stofnkostnað er kostnaðarverð orkunnar frá Búrfellsvirkjun til stóriðju við stöðvarvegg nú 8,4 mill. Kostnaðarverð frá öllum virkjunum Landvirkjunar er að meðaltali 9,6 mill til stóriðju, en 12,7 mill ef allt flutningskerfið er tekið með. Upplýsingar þessar eru fengnar frá Landvirkjun.

Þessar kostnaðartölur er nauðsynlegt að hafa í huga þegar metið er hver árangur hafi náðst í því efni að fá fram hækkað raforkuverð frá álbræðslunni. Að mati Landvirkjunar og þriggja erlendra sérfræðifirma á vegum hennar eru horfur á að á næstu fimm árum muni álverðið í heiminum gefa skv. nýja samningnum að meðaltali um 15 mill.

Af þessum tölum öllum sést að verðið, sem álbræðslan mun nú greiða fyrir orkuna frá Búrfelli, er verulega hærra en framleiðslukostnaðarverðið. Verð frá nýjum virkjunum er hins vegar mun hærri, en alrangt er að vitna til þess þegar fjallað er um hinn nýja samning þar sem hér er um að ræða orku til núverandi bræðslu sem fæst frá Búrfelli.

Hinn kosturinn, sem hér var fyrir hendi, var að semja um eitt ákveðið fast verð með verðtryggingarákvæði. Líklegt má telja að það verð hefði verið nálægt neðri mörkunum og því verulega óhagstæðari leið en sú sem valin var. Þar að auki mundi erfitt að finna verðtryggingarákvæði sem duga til þess að gefa viðhlítandi hækkanir á orkuverði. Má í því sambandi geta þess að ef álverðið 1966 hefði verið verðtryggt skv. byggingarvísitölu væri það nú á bilinu 7—8 mill.

Þess má að lokum geta að meðalorkuverð til álvera í Evrópu er nú á bilinu 14—15 mill. Í Noregi, helsta samkeppnislandi okkar, er það nú 8,7 mill.

Í umræðum um hinn nýja samning hefur því verið haldið fram að raforkuverðið muni lækka að raungildi ár frá ári vegna þess að gera megi ráð fyrir a. m. k. 5% verðbólgu í Bandaríkjunum. Hér er nokkuð hallað réttu máli. Ljóst er að með vaxandi verðbólgu í heiminum hækkar verð á áli um leið og raungildi dollarans lækkar. Álverðshækkun hefur bein áhrif til hækkunar á orkuverðinu til Landvirkjunar þar sem það er að meginstofni tengt álverði.

Einnig hefur nú verið samið um endurskoðunarákvæði í samningnum sem tryggir það að unnt er að taka orkuákvæðin til endurskoðunar ef aðstæður breytast okkur verulega í óhag.

Á fimm ára fresti getur nú hvor aðilinn um sig óskað eftir endurskoðun á samningnum ef átt hafa sér stað ófyrirsjáanlegar og óhagstæðar breytingar á aðstæðum sem leiða til

röskunar á samningnum og harðréttis fyrir aðila. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt endurskoðunarákvæði er tekið í samninginn. Að mati lögfræðinga, sem um málið hafa fjallað, er hér um mikilvægt ákvæði að ræða sem tryggir mun betur rétt Íslendinga í þessum efnunum í framtíðinni en verið hefur.

Í öðru lagi felur samningurinn í sér að gerð er sátt milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um öll deilumál þeirra vegna liðsins tíma er taki gildi sem dómsátt fyrir þeim dómnefndum sem starfað hafa skv. bráðabirgðasamningnum. Þessi sátt felur í sér heildarlausn allra ágreiningsmála. Er það æskileg og edlileg lausn, ekki síst með það í huga að megintilgangur sáttargerðarinnar er að gera aðilum kleift að ganga til samninga um skipan mikilvægra framtíðarverkefna sín í milli. Ríkisstjórnin leysir ÍSAL og Alusuisse undan framleiðslugjaldskröfum og öðrum kröfum vegna liðsins tíma, en Alusuisse samþykkir að ÍSAL greiði ríkisstjórninni 3 millj. dollara í sáttafé. Lögmenn í dómnefndarmálum og lögfræðingur samninganefndar eru sammála um að fjárhæð þessi megi teljast viðunandi miðað við stöðu þeirra mála. Fer greiðslan fram með lækkuð á skattinneign ÍSALS sem félagið á skv. samningum frá tímabilinu fyrir 1. okt. 1975.

Með bréfi frá 4. okt. 1984 segir Charles J. Lipton, bandarískur lögfræðiráðunautur sem starfað hefur að málum þessum bæði í tíð fyrrverandi og núverandi iðnaðarráðherra: „Það er vafasamt að ríkisstjórnin gæti vænst betri árangurs en þeirra 3 milljóna bandaríkjadala sem Alusuisse býður til uppgjors ef málarekstrinum samkvæmt bráðabirgðasamningnum yrði haldið áfram til loka og dómnefnd sérfræðinga í lögum mundi gefa álit sitt eða úrskurð undir þessum kringumstæðum.“

Í bréfi dags. 28. júlí 1983 mælir D. Chilvers, einn aðalforstjóra endurskoðunarfyrirtækisins Coopers & Lybrands, með samningum um deiluefnið, þar sem þá yrði komist hjá óvissu og talsverðum útgjöldum í sambandi við langdregna gerðardómsmeðferð. Mælir hann með því að krafan um endurmat skattgjalda ÍSALS fyrir tímabilið 1975—1979 verði lögð til hliðar en ríkisstjórnin semji um uppgjör viðbótarskatts, sem krafist var fyrir árið 1980, 2,6 millj. bandaríkjadala.

Er þetta álit og ummæli hinna erlendu sérfræðinga athyglisvert, en þeir gjörþekkja alla málavöxtu frá fyrri tíð. Mæla þeir eindregið með sáttum fremur en áframhaldandi málarekstri.

Með tilliti til ofangreindra atriða verður það að teljast æskileg og edlileg leið sem valin var þegar ákvörðun var tekin um að gera sáttargerð fyrir dómnefndunum í deilumálunum frá liðnum tíma.

Í þriðja lagi er samið um nokkrar breytingar á aðalsamningi um álbræðsluna og breytingu á aðstoðarsamningi milli ÍSALS og Alusuisse. Sumar breytingarnar varða framleiðslugjald ÍSALS og eru ætlaðar til skýringar varðandi sum þeirra atriða sem orðið hafa aðilum deiluefni á liðnum árum. Meðal annars eru nú tekin af öll tvímæli um það að ákvæði aðstoðarsamningsins, ákvæði 2.03 (c) um bestu skilmála, eigi við þegar Alusuisse veitir ÍSAL ráðgjöf við innkaup frá þriðja aðila, en ekki þegar það er sjálft að selja ÍSAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteypunnar. Hefur túlkun þessa ákvæðis verið tilefni mikilla deilna í fortíðinni. Eftir sem áður stendur óbreytt málsgr. 27.03 í aðalsamningnum sem geymir aðalákvæðið um mat á viðskiptum Alusuisse og ÍSALS. Við það mat er það meginálitaefnið hvaða viðskipti óháðra aðila séu sambærileg við viðskiptin hjá ÍSAL. Á það ákvæði að tryggja að ÍSAL sæti ekki verri kjörum en gilda í viðskiptum milli óháðra aðila.

Hér ber að hafa í huga að þessi atriði, sem lúta að skattgreiðslum álbræðslunnar, verða áfram til umræðu sem hluti þeirra viðræðna sem eftir eiga að fara fram um endurskoðun reglna um framleiðslugjald ÍSALS. Þar verða skattamál fyrirtækisins tekin fyrir á breiðum grundvelli. Geta niðurstöður viðræðnanna leitt til þess að breytingar þær, sem hér eru til umræðu, verði úreltar að einhverju leyti. Markmið skattaviðræðnanna, sem lokið skal um mitt næsta ár, er að taka upp einfaldara skattkerfi sem útilokað geti deilur í þessum efnunum í

fram tíðinni. Hefur m. a. þegar verið rætt um fastan veltuskatt á hvert framleitt tonn (royalty skatt), sem m. a. mundi útiloka allar deilur um verð á aðföngum, í stað skatts sem byggður er að hluta á nettótekjum.

Þá er nú ákvæðið að endurskoðun á reikningum ÍSALs skuli fara fram árlega þannig að ekki leiki vafi á um framleiðslugjaldið. Er það spor í rétta átt miðað við óbreytta tilhögun gjaldsins og inn í samningana komið að ósk íslensku samninganefndarinnar. Þá er ákvæði um að heimilt sé að byrja að afskrifa gengistöp á því ári er þau verða til og er það í samræmi við þau sjónarmið sem fylgt hefur verið í íslenskum skattalögum á síðari árum. Ný ákvæði um varasjóð eru einnig í fullu samræmi við þær reglur sem fylgt hefur verið við almenna skattlagningu fyrirtækja hér á landi.

Þegar á heildina er litið verður að telja að með samningum þeim, sem hér liggja fyrir, hafi verulegur árangur náðst. Í fyrsta lagi eru ágreiningsmál fortíðar jöfnuð gegn viðunandi sáttargjaldi. Í öðru lagi næst fram tvö- til þreföldun á orkuverði því sem ÍSAL mun greiða til Landsvirkjunar, ásamt nýju ákvæði sem heimilar endurskoðun samninga á fimm ára fresti.

Í þriðja lagi hefur náðst samkomulag um að taka skattgreiðslufyrirkomulag álversins til endurskoðunar og aðilar lýsa vilja sínum til þess að hefja athugun á stækkun álversins við Straumsvík.

Orkar það ekki tvímælis að rétt er að staðfesta af hálfu Alþingis viðaukasamningana sem hér um ræðir. Leggja því undirritaðir nefndarmenn til að frumvarp þetta verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1984.

Gunnar G. Schram,  
frsm.

Guðmundur H. Garðarsson.

Geir Hallgrímsson.